


Fréttabréf

FIT



11. ÁRGANGUR // 2. TÖLUBLAÐ // MARS 2013



FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

10 ÁRA 2013





Orlofsúthlutanir

Frestur til að skila inn umsóknum í orlofshús félagsins rann út 15. mars s.l. og hafa umsóknir sjaldan eða aldrei verið fleiri. Þegar blaðið fór í prentun var verið að vinna úr umsóknum og eiga allir sem sóttu um að vera búnir að fá svar 20. mars og greiða 3. apríl. Þann 4. apríl verður það sem ekki hefur leigst sett á orlofsvefinn og gildir þá fyrstur kemur, fyrstur fær.

Opnað var fyrir umsóknir ársins 2014 í húsið á Florída þann 1. mars s.l. og var það eins og áður að viðbrögðin voru mikil. Tveim mínútum eftir opnun voru 7 aðilar búnir að bóka og greiða. Þó er ljóst að vinsældirnar eru að miklu leyti bundnar við ákveðin tímabil og eru jól og páskar þar efst á blaði en svo kemur sumarleyfistímabilið, júní til ágúst sterkt inn.

Afslættir til félagsmanna

Á heimasíðu FIT er hnappur sem vísar á afsláttarkjör sem félagsmönnum FIT bjóðast. Nú eru nærri 50 fyrirtæki skráð þar sem veita félagsmönnum afslátt gegn framvísun á félagsskírteini. Flestir afslættirnir eru á bilinu 5% til 15%. Við vekjum sérstaka athygli á að inni á orlofshúsavefnum undir upplýsingar er hægt að sækja um sérstakan afslátt á eldsneyti hjá Olís. Félagsmenn FIT eru hvattir til að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem bjóða afsláttarkjör.

Fréttabréf FIT
2. tbl. 11 ág. mars 2013

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Út í bláinn

„Út í bláinn“, er ferðahópur FIT og Fagfélagsins og eru félagsmenn, ásamt fjölskyldum þeirra, hvattir til að nýta sér ferðirnar sem eru þátttakendum að kostnaðarlausu, einungis þarf að koma með góða skapið og ævintýraþrána. Oftast er farið í léttar gönguferðir þar sem fræðst er um það sem fyrir augu ber og slegið á léttan strengi.

Miðað er við að ferðir verði síðasta sunnudag hvers mánaðar fram til maí. Síðasta vorferðin er oft veglegri en hinar. Fylgist með á heimasíðum félaganna eða fáið upplýsingar á þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000.

Samiðnar-golfmótið

Hið árlega golfmót Samiðnar verður að þessu sinni haldið föstudaginn 21. júní kl. 16 á Golfvellið Kili í Mosfellsbæ. Skráning er í síma 535 6000 eða í tölvu-pósti helga@samidn.is og þarf að gefa upp forgjöf og stéttarfélag. FIT hvetur sína menn til þátttöku og ítrekar að mótið er jafnframt innanfélagsmót.



Þing Samiðnar

Miðstjórn Samiðnar hefur ákveðið að boða 7. þing Samiðnar á Grand Hótel Reykjavík dagana 3. og 4. maí n.k. Þingið verður sett föstudaginn 3. maí kl. 10:30 og eru áætluð þinglok kl. 17:00 laugardaginn 4. maí. Gisting fyrir þingfulltrúa sem eru lengra að komnir verður einnig á Grand Hótel Reykjavík. Eins og fram kemur í dagskrá aðalfundar verða þingfulltrúar FIT kosnir á aðalfundi sem boðaður hefur verið 23. mars n.k.

Svikin fyrirheit verslunarinnar



Þegar samið var um endurnýjun kjarasamninga í lok janúar gáfu atvinnurekendur fyrirheit um að sýna aðhald í verðhækkunum til að sú 3,25% launahækkun, sem kom til framkvæmda 1. febrúar, mundi skila sér í auknum kaupmætti launafólks.

Nú er ljóst að ekki hefur verið staðið við þessar yfirlýsingar. Í febrúar hækkaði verðlag í landinu meira en gerst hefur í einum mánuði frá því í lok ársins 2008 og verðbólga jókst verulega. Þessar verðhækkanir eru almennar og koma fram í flestum vöruflokkum.

Þrátt fyrir að krónan hafi styrkst verulega frá áramótum má rekja um 1,4% af 1,64% verðlagshækkun í febrúar til hækkana á innfluttum vörum.

LAUNAHÆKKUNUM VELT ÚT Í VERÐLAGIÐ

Það er því deginum ljósara að verslunin í landinu hefur þvert á yfirlýsingarnar við framlengingu kjarasamninganna ákveðið að velta launahækkunum af fullum þunga og meira til út í verðlagið.

Það er engu líkara en að með þessu séu atvinnurekendur að vísa markmiðum um langtíma stöðugleika í efnahagslífi landsins út í hafsauga og segja samtökum launafólks stríð á hendur. Ríki og sveitarfélög er þarna engin undantekning. Gjaldskrárhækkanir eru nánast hömlulausar og öllu ausið á verðbólguhálið.

Verkalýðshreyfingin getur ekki litið fram hjá þessu ábyrgðarleysi atvinnurekenda þegar kemur að því að undirbúa viðræður um kjarasamninga síðar á þessu ári. Að óbreyttu blasir við að túlka þessa skriðu verðhækkana á þann hátt að verið sé að kalla eftir átökum á vinnumarkaði í haust.

UNNIÐ GEGN VERÐLAGSEFTIRLITI

Á sama tíma og þessum hækkunum er velt út í verðlagið hafa flestar af stærstu verslana-keðjum landsins orðið uppvísar að því að koma í veg fyrir að haldið sé uppi eftirliti með verðlagi. Þær hafa vísað starfsfólki verðlagseftirlits ASÍ á dyr í verslunum sínum.

Það er rétt að hvetja launafólk til að bregðast harkalega við framgöngu verslunarinnar, fylgjast vel með verðlagi og vera á verði gagnvart verðbreytingum í verslunum.

LOKSINS AÐGERÐIR GEGN KENNITÖLUFLAKKI

Fram hefur komið í fjölmiðlum að búið sé að leggja frumvarp til laga um aðgerðir gegn kennitöluflakki fyrir þingflokka ríkisstjórnarflokkanna.

Kennitöluflakk og svört atvinnustarfsemi er meinsemd í íslensku atvinnulífi sem skerðir réttindi launafólks, vinnur gegn eðlilegri samkeppni, stuðlar að óeðlilegum undirboðum og kemur í veg fyrir að ríkið fái þær skatttekjur sem vera ber.

FIT og verkalýðshreyfingin öll hefur lengi hvatt stjórnvöld til að setja lög sem tryggi að opinberir eftirlitsaðilar hafi í sínu vopnabúri nægilega öflug viðurlög gagnvart þeim aðilum sem verða uppvísir að kennitöluflakki og svartri atvinnustarfsemi. Fréttir af frumvarpinu, sem nú bíður meðferðar, benda til að verið sé að koma til móts við þessar óskir verkalýðshreyfingarinnar.

Það er mikið hagsmunamál að slíkt frumvarp nái fram að ganga. Þess vegna hvetjum við alþingismenn til að afgreiða frumvarpið án tafar svo að opinbert eftirlit með kennitöluflakki og svartri atvinnustarfsemi geti skilað raunverulegum árangri.

Hilmar Harðarson, formaður FIT.



Vefsíða FIT hefur tekið miklum breytingum í árunna rás.

FIT nýtir tæknina

VEFSÍÐAN

Fyrsta vefsíðan sem gerð var fyrir FIT fór í loftið 2003 og var hönnuð af Ágústi Garðarsyni.

Næsta skref var stigið í október 2005 en þá var tekið í notkun fyrsta lénið sem félagið festi kaup á. Um var að ræða lénið felag.is sem tók við af fit.rl.is og notað hafði verið frá stofnun félagsins. Notast var við uppfært útlit fyrri heimasíðu. Síðan var sett upp í vefumsjónarkerfinu mambo og var FIT eitt fyrsta stéttarfélagið á Íslandi sem notaðist við opinn hugbúnað.

Félaginu áskotnaðist lénið fit.is í enda árs 2007 en það hafði verið í annarra eigu. Strax í framhaldi var hafist handa við að hanna nýja heimasíðu. Sú hönnun var í höndum Arnar Smára Gíslasonar og Rúnars Hreinssonar. Kerfisuppsetning og tækni-umsjón var í höndum Apmedia ehf.

Árið 2011 var lagst í umfangsmiklar breytingar á heimasíðu og um leið var gerð farsímaútgáfa af fit.is vefnum. Heimasíðuhönnun var sem fyrr í höndum Arnar Smára Gíslasonar og Rúnars Hreinssonar. Kerfisuppsetning og tækni-umsjón var í höndum Apmedia ehf.

ÖNNUR KERFI

FIT hefur frá upphafi lagt mikið í að vera fremstir í flokki í tæknimálum og sjálfvirkni fyrir félagsmenn. Partur af því er orlofs og félagsmannakerfið Frímammi sem þróað hefur verið frá árinu 2006. Fit var fyrsta félagið sem tók þátt í Frímanni og hefur allar götur síðan verið leiðandi í þróun og fram-

gangi kerfisins. Kerfið er í dag notað af stærstu orlofssjóðum Íslands og eru skráðir netendur um 100 þúsund.

Á næstunni verður FIT fyrst stéttarfélaga til að gefa út "APP" fyrir orlofshúsakerfi og styrkjakerfi félagsins sem hægt verður að hala niður í snjallsíma og fá þar með aðgang að öllum upplýsingum í símanum.





Myndir teknar á aðalfundi 2012

Stjórnarkjör FIT

Það er hlutverk uppstillingarnefndar samkvæmt lögum félagsins, að tryggja framboð til stjórnar og gera tillögur um aðra fulltrúa sem kosið er um á aðalfundi félagsins. Í síðasta fréttabréfi FIT mátti sjá tillögur nefndarinnar og samkvæmt lögum félagsins rann framboðsfrestur út að kvöldi 19. febrúar. Ekki bárust önnur framboð og eru því frambjóðendur uppstillingarnefndar til stjórnar sjálfkjörnir og verður

kjörinu lýst formlega á aðalfundi félagsins nú í mars. Samkvæmt því verður helmingur stjórnar skipaður þannig næstu tvö árin: Formaður, Hilmar Harðarson, ritari Sveinn Ingason, meðstjórnendur Georg Ólafsson, Gunnar Gunnbjörnsson, Vilhjálmur Gunnarsson, Ólafur Magnússon og Valdimar Birgisson. Varamenn Þorsteinn G. Kristmundsson og Rannveig María Jóhannesdóttir.

Aðalfundur Félags iðn- og tæknigreina

verður haldinn í Hvammi, á Grand Hotel Reykjavík
laugardaginn 23. mars kl. 11:00

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og samninganefndar, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga og uppstillinganefndar lýst.
5. Tillögur um fulltrúa á þing Samiðnar 2013
6. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að.
7. Lagabreytingar.
8. Reglugerðabreytingar sjúkra- orlofs- mennta og vinnudeilusjóðs.
9. Önnur mál.

Hádegismatur í boði félagsins.

Stjórnin

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.



Fyrstu stjórnar og varastjórnarmenn FIT. Talið frá vinstri: Hilmar Harðarson, Helgi Ólafsson, Gunnar Gunnbjörnsson, Ármann Ægir Magnússon, Andrés Hreinsson, Sveinn Ingason, Tryggvi Arnarson, Georg Ólafsson, Sveinn Jónsson og Þorsteinn Kristmundsson. Á myndina vantar Einar Þór Gíslason og Axel Gissurarson.

10 ár frá stofnun FIT

Stofnfundur FIT, Félags iðn- og tæknigreina, var haldinn þann 12. apríl 2003. Í upphafi voru félagsmenn um 1.900 talsins en á þeim áratug sem liðinn er frá stofnun hefur fjöldi félagsmanna meira en tvöfaldast.

Afmælisins verður minnst með ýmsum hætti og verður það nánar auglýst síðar. Meðal annars er áætlað að halda sérstakt afmælskaffiböð fyrir félagsmenn. Einnig verður haldið upp á áfangann með því að gróðursetja tré á þremur svæðum sem félagið hefur til umráða í Heiðmörk.

STÆRSTA STÉTTARFÉLAG IÐNAÐARMANNA

Nú eru rúmlega 4.000 manns innan FIT og félagið er stærsta stéttarfélag iðnaðarmanna á landinu. FIT skilgreinir sig sem stéttar- og fagfélag fyrir iðnaðarmenn og starfsfólk í tæknigreinum. Megintilgangur

þess er að auka fjárhagslegt öryggi og lífsgæði félagsmanna.

Segja má að hvatinn að sameiningu félaganna undir merkjum FIT hafi verið fólgin í þeim breytingum sem orðið höfðu bæði í samfélaginu og í starfsumhverfi stéttarféлага.

Þetta var þróun sem staðið hafði yfir í allmörg ár og farið var að bera á sameiningum verkalyðsfélaga.

Félagsmenn gerðu síauknar kröfur um þjónustu frá félögunum, öfluga sjúkrasjóði og orlofssjóði, auk þess sem félögin þurftu að vera málsvari og baráttutæki launafólks í samfélagi sem tekið hafði miklum breytingum.

Sá rekstur sem halda þurfti úti til að ná utan um nauðsynleg verkefni og veita þá þjónustu sem félagsmenn gerðu kröfur um var orðinn ofviða mörgum smærri félögum.

Gott dæmi um þróunina hafði verið sameining verkalyðsfélaga innan bílgreinarinnar. Bíliðnafélagið/Félag blikksmiða varð til við sameiningu Félags bifvélaavirkja, Félags bílamálara, Félags bifreiðasmiða og Félags blikksmiða. Upphaflega sameinuðust bifvélaavirkjar og bílamálarar sín félög á árinu 1991 og ári síðar gengu bifreiðasmiðir til liðs við hið nýstofnaða Bíliðnafélag. Þann 1998 sameinaðist Félag blikksmiða Bíliðnafélaginu.



Hermann Guðmundsson og Hilmar Harðarson við fána FIT 1. maí 2007



Myndir frá stofnfundi FIT sem haldinn var 12. apríl 2003

Árið 2003 var Bliðnafélagið/Félag blikksmiða svo eitt þeirra félaga sem tók þátt í stofnun FIT. Önnur félög sem þá gengu til samstarfs og áttu aðild að stofnun FIT voru Málarafélag Reykjavíkur, Sunniðn - Sunnlenska iðnfélagið, Félag byggingaiðnaðarmanna í Hafnarfirði og Félag garðyrkjumanna.

Félagið var frá upphafi skilgreint sem stéttar- og fagfélag og aðaláhersla þess var á hagsmunagæslu og þjónustu fyrir félagsmenn, auk þess sem mikil áhersla var lögð á fræðslumál. Markmið þess var að verða stærsta iðnaðar- og tæknifélagið og gegna leiðandi hlutverki meðal stéttarfélaga í iðnaði. Það var jafnframt markmið félagsins að verða eftirsóttur samstarfsaðili annarra verkalyðsfélaga.

HORFT TIL STÆRÐARINNAR

Rúmu ári eftir stofnun FIT hélt samrunaþróunin áfram.

Þann 1. ágúst 2004 gekk í gildi sameining við Sveinafélag málmiðnaðarmanna á Akranesi. Sameiningin hafði ekki átt sér langan aðdraganda en félagsmenn Sveinafélagsins voru mjög hlynntir henni eins og sést af því að 79% þátttakenda samþykktu sameininguna í allsherjaratkvæðagreiðslu.

„Ég held að flestir hafi horft til stærðarinnar og þess aukna krafts sem vænta má af henni, ekki síst í samningum við stóriðjuna,“ sagði Hermann Guðmundsson, síðasti formaður Sveinafélagsins. „Við vitum að stærðin skiptir máli og svo kemur líka inn þekking af öðrum samningum.“

Einnig sóttust Skagamennirnir eftir því öryggi sem sjúkrasjóður FIT bauð upp á með því að tryggja

greiðslu 80% launa í veikindum. „Þetta er töluvert meira en greitt var í Sveinafélaginu,“ sagði Hermann. Einnig var ljóst að við sameininguna jukust valkostir Skagamanna í orlofsmálum allverulega frá því sem verið hafði áður.

„Væntingarnar eru þó mestar við að ná kaupinu upp til jafns við höfuðborgarsvæðið og að verksmiðjurnar haldi í við álverið í Straumsvík,“ sagði Hermann. Félagsmenn á Akranesi voru starfandi bæði í Járblendiverksmiðjunni og í álverinu á Grundartanga.

SAMEININGARÁRIÐ 2007

Næstu skref í sameiningarmálum FIT við önnur félög í iðn- og tæknigreinum voru tekin árið 2007 sem var viðburðaríkt ár í sögu félagsins.

Strax í upphafi ársins öðlaðist sameining FIT og iðnsveinafélags Suðurnesja gildi þótt sameiningarferlinu lyki ekki fyrr en í febrúar það ár. 79,9% félagsmanna Iðnsveinafélagsins samþykktu sameininguna í atkvæðagreiðslu og sameiningin var einnig samþykkt einróma á tveimur félagsfundum í FIT. Ástæða þess að fundirnir voru tveir er sú að lagabreytingar sem óneitanlega fylgja sameiningum er einungis hægt að gera á aðalfundi eða tveimur félagsfundum og var sú leið oftast valin við sameiningarnar.

„Hlutverk stéttarfélaga í samfélagi nútímans hefur um margt breyst frá því sem áður var og gegna þau nú í auknum mæli þjónustuhlutverki samhliða því að vera málsvari og baráttutæki launafólks. Þróun samfélagsins hefur verið hröð undanfarin ár og hafa stéttarfélög lagað sig að breytttri samfélagsmynd með margvíslegum hætti eða allt frá því að auka samstarf sín á milli



Svipmyndir frá vinnustaðaheimsóknum



Mynd tekin á aðalfundi 2007

yfir í að sameinast og mynda stærri einingar,” sagði í sameiginlegri yfirlýsingu Hilmars Harðarsonar, formanns FIT, og Sigfúsar Rúnars Eysteinnssonar, síðasta formanns Iðnsveinafélags Suðurnesja.

Þeir sögðu einnig að tilgangurinn með sameiningunni væri að finna leiðir til að auka þjónustustig félaganna og bæta kjör og menntun félagsmanna. „Markmiðið er að búa til heildstætt félag sem hefur styrk til að mæta væntingum félagsmanna sinna til framtíðar,” segir í yfirlýsingu Hilmars og Sigfúsar.

Við inngöngu Iðnsveinafélags Suðurnesja urðu félagsmenn í FIT 3.200 talsins og eignir félagsins voru metnar á rúmlega millarð króna þann 1. janúar 2007.

Þann 1. júlí 2007 bættist Sveinafélag járniðnaðarmanna í Vestmannaeyjum í hópinn en félagsmenn þess höfðu samþykkt sameininguna einróma á félagsfundi þann 16. júní.

Þann 1. janúar 2008 tók svo sameining FIT við Sveinafélag pípulagningarmanna formlegt gildi eftir sameiningarferli á árinu 2007. Félagsmenn í Sveinafélaginu voru um 260 og höfðu þeir samþykkt sameininguna móttakvæðalaust auk þess sem hún var samþykkt samhljóða á tveimur félagsfundum hjá FIT.

LÆKKUN FÉLAGSGJALDA

Í fréttabréfi FIT í upphafi ársins var hagkvæmni stærðarinnar gerð að umtalsefni en félagsmenn voru þá farnir að slaga hátt í 4.000:

„Þessi stærð veitir mikla hagkvæmni í rekstri sem lýsir sér best í því að mögulegt var að fara í lækkun

á félagsgjaldinu úr 1% í 0,7%,” sagði í fréttabréfinu.

„Þrátt fyrir þetta er ekki ætlunin að draga úr styrkjum eða þjónustu heldur þvert á móti verður lögð sérstök áhersla á aukna og bætta þjónustu.”

1. janúar 2009 gekk Múrarafélag Reykjavíkur síðan til sameiningar við FIT eftir að 71% félagsmanna Múrarafélagsins höfðu samþykkt sameininguna í póst-afgreiðslu.

„Skipulag félagsins byggir á því að lýðræði innan þess sé tryggt og að sem flestir félagsmenn í starfsgreinum og landsvæðum verði virkir í félagsstarfinu,” sagði í sameiginlegri yfirlýsingu Hilmars Harðarsonar og Guðlaugs Karlssonar, síðasta formanns Múrarafélags Reykjavíkur. „Félagið verður opinn vettvangur fyrir félagsmenn til að koma málefnum á framfæri og leggja baráttunni fyrir bættum kjörum og félagslegu réttlæti lið.”

EINIR OG ÁHRIFALAUSIR



Guðlaugur Karlsson

Í fréttabréfi FIT var rætt við Guðlaug um aðdraganda sameiningarinnar og þar kemur fram að múrarar hefðu verið farnir að huga að sameiningu við annað félag strax á árinu 2005. Það er fróðlegt að grípa niður í lýsingu Guðlaugs á þróun stéttarfélaga múrara á Íslandi síðustu áratugina fyrir inngöngu í FIT.

„Múrarafélagið hefur alltaf staðið eitt og sér. Við vorum reyndar aðilar að ASÍ en hættum þar árið 1972 eftir að við uppfylltum ekki aðildarskilyrði þeirra. Þá stofnuðum við Múrarasamband Ísland ásamt nokkrum múrarafélögum á landsbyggðinni og það gekk ágætlega lengi vel. Múrarafélögin úti á landi hættu svo starfsemi eitt og eitt og félagarnir gengu þá inn í Múrarafélag Reykjavíkur eða önnur félög eftir að komið var á félagsfrelsinu þar sem menn gátu farið í félög að eigin vali. Þessi þróun breytti öllu mynstrinu og smám saman varð Múrarasambandið áhrifaminna,” sagði Guðlaugur.

„Múrarafélagið var farið að gleymast við allskonar ákvarðanatökur á vinnumarkaðinum. Það var yfirleitt



Svipmyndir úr heldrimannaferðum FIT



Svipmyndir af fundarstörfum FIT

búið að semja við öll stærri félögin þegar við komum að borðinu. Við höfðum sem sagt lítið um það að segja í raun og veru. Við fórum því að líta í kringum okkur með hvaða aðila við gætum starfað. Eftir að hafa skoðað FIT, Félag iðn- og tæknigreina, urðum við ánægðir með þann kost. Við ætlumst til að þetta skili okkur réttarbotum með sterkari sjóðum og þjónustu við félagsmanninn. Við teljum hag okkar því betur borgið inni í stærri félagsskap. Við öðlumst betri þjónustu stærra félags og höfum meiri áhrif á kjara- og réttindamál. Þetta snýst fyrst og fremst um hag félagsmannsins.“

MARKMIÐUM NÁÐ



Rannveig María Jóhannesdóttir

Segja má að FIT í núverandi mynd hafi svo endanlega orðið til við sameiningu við Félag tækniteknara sem var samþykkt 29. júní 2010. Í félagi tækniteknara voru um 70 félagsmenn, langflestir konur. Félagið á sér sögu aftur til til ársins 1969 en það hafði hvorki

rekið sjúkrasjóð né orlofssjóð.

„Nútíminn gerir kröfur um slíkt,“ sagði Rannveig María Jóhannesdóttir, sem sat í stjórn Félags tækniteknara og tók sæti í varastjórn FIT á fyrsta aðalfundi eftir sameininguna. „Við vorum lítið félag, það var erfitt að fá fólk til starfa í stjórn og reka félagið sjálfu sér. Við vorum með samstarfssamning við VR og margir félagsmenn okkar höfðu valið að vera bæði félagar í VR og Félagi tækniteknara. Nú undir það síðasta gengu sumir eingöngu í VR, þeim fannst félagið okkar ekki geta boðið þá þjónustu sem nútíma stéttarfélag á að gera. Ástæðan fyrir því að FIT varð fyrir valinu er að okkur finnst við ekki vera skrifstofufólk og eigum því í raun ekki heima hjá VR. Einnig ætti FIT að geta haldið utan um okkar faggrein og vakið athygli á því að hún sé til og þróun innan hennar til framtíðar. Það er tekið vel á móti okkur hér, það er ekki ætlast til að við hverfum inn í félagið heldur er unnið með okkur sem faggrein því við erum fyrst og fremst iðn- og tæknigrein og viljum og getum orðið sýnilegri. Það eru mun fleiri menntaðir tækniteknarar heldur en eru í félaginu okkar.“

MÁLSVARI FÁMENNRA IÐNGREINA

Fljótlega eftir stofnun FIT var opnað á möguleika fyrir starfsfólk í hönnun, listum og handverki að ganga í FIT. Það varð til að allnokkur hópur fólks sem hvergi hafði átt málsvara gekk í félagið. Þar má nefna gull- og silfursmíði, úrsmíði, skósmíði. söðlasmiði fólk í fatahönnun, kjólasaum o. fl.

Tíu árum eftir stofnun hefur Félag iðn- og tæknigreina náð helstu markmiðum sínum. Félagið er leiðandi meðal stéttarféлага í iðnaði hér á landi og er eftirsóttur samstarfsaðili meðal annarra stéttarféлага. FIT vinnur stöðugt að því að þróa þá þjónustu sem félagsmönnum stendur til boða og kannanir sýna að allur þorri félagsmanna er ánægður með störf félagsins og tengsl sín við það.

HAGSMUNAGÆSLA FYRIR FÉLAGSMENN

Hagmunagæsla fyrir félagsmenn er aðalverkefni FIT og starfið hvílir á þremur meginstöðum. Mánaðarleg gjöld félagsmanna og vinnuveitenda þeirra eru nýtt til að starfrækja sjúkrasjóð og orlofssjóð, félagssjóð, menntasjóð og verkfalls-sjóð. Félagið styður með beinum og óbeinum hætti við hvers kyns símenntun og endurmenntun félagsmanna, einkum í gegnum fagtengdar fræðslumiðstöðvar. Menntasjóður styrkir nám utan fræðslumiðstöðvanna. Sjúkrasjóður veitir félagsmönnum fjárhagslegan stuðning verði þeir fyrir áföllum vegna veikinda sem leiða til tekjutaps eða aukins kostnaðar. Orlofssjóður, sem



Íslandsmót Iðnnema 2007



Myndir frá orlofshúsum FIT

hefur það að markmiði að fjölga orlofskostum félagsmanna innanlands og erlendis, á og rekur þrjátíu orlofshús á Íslandi.

FRUMKVÖÐLAR Í ÞJÓNUSTU Á VEFNUM

Þjónusta við félagsmenn fer í vaxandi mæli fram í gegnum heimasíðu félagsins, fit.is. Besta dæmið um það er útleiga orlofshúsa og tilboð á öðrum orlofskostum sem félagsmönnum bjóðast. Félagið hefur verið sérstakur samstarfsaðili hugbúnaðarfyrtækisins AP media við tilraunir og þróun vefhugbúnaðarins Frímans. Fit var fyrst íslenskra stéttarfélaga til að nýta þessa veflausn á árinu 2006 og í dag er haldið utan um öll orlofshús sem Fit leigir til sinna félagsmanna í gegnum vefinn og hann er einnig nýttur til sölu s.s. á veiði- og útileigukortum.

„Við og okkar félagsmenn eru afar ánægðir með þessa þjónustu,“ segir Hilmar Harðarson, formaður FIT, um orlofsvefinn. „Kerfið er mjög öflugt og möguleikarnir eru margir. Við höfum fundið fyrir því að álag á skrifstofu hefur minnkað og nýting bústaða hefur stóruð. Það gefur okkur aukið svigrúm til að sinna mikilvægum hagsmunamálum fyrir okkar félagsmenn.“

Að lokum er rétt að nefna í stuttu máli tvær nýjungar sem sett hafa svip á starf félagsins á síðasta ári.

Starf - tilraunaverkefni um vinnumiðlun og ráðgjöf.

FIT er virkur þátttakandi í Starfi ehf, sem stofnað var á síðasta ári í tengslum við þriggja ára tilraunaverkefni ASÍ, SA, Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytisins um vinnumiðlun og ráðgjöf.

Markmið Starfs er að efla vinnumiðlun og stuðla að

virkari vinnumarkaðsaðgerðum fyrir þá atvinnuleitendur. Sérstakur atvinnuráðgjafi hefur verið ráðinn til Starfs.

Hann hefur aðsetur á Þjónustuskrifstofu iðnfélanna í Borgartúni 30 og veitir bæði félagsmönnum á höfuðborgarsvæðinu þjónustu sína og einnig þeim atvinnurekendum sem eru að leita að fólki til starfa.

VINNUSTAÐASKÍRTEINI ORÐIN AÐ VERULEIKA

Þá voru mikilvæg skref stigin undir lok ársins 2010 í öðru hagsmunamáli félagsmanna og vinnumarkaðarins í heild sem unnið hefur verið að lengi á vettvangi félagsins, sem er það að gera sérstök vinnustaðaskilríki að veruleika á íslenskum vinnumarkaði. Hér er um að ræða mikilvægt hagsmunamál í baráttunni gegn kennitölufлакki og svartri atvinnustarfsemi.

Útgáfa vinnustaðaskírteina hefur það markmið að stuðla að betri skattskilum, öflugri samkeppni, auk þess að tryggja rétta skráningu starfsmanna og tryggja að þeir njóti þeirra réttinda sem þeir



Starfsmenn FIT spyrja um vinnustaðaskírteini.

FIMM SKRIFSTOFUR FIT

Pungamiðjan í starfsemi FIT fer fram á skrifstofum sem félagið rekur í helstu þéttbýliskjörnum á félagssvæði sínu. Aðalskrifstofa félagsins er í Borgartúni 30, Reykjavík, en aðrar starfsstöðvar eru á Akranesi, Selfossi, í Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum. Þar eru félagsmönnum veittar upplýsingar, aðstoð og

ráðgjöf um kjaramál og starfstengd málefni. Á skrifstofunum í Reykjavík og í Reykjanesbæ eru einnig reknar mælingastofur.

Hilmar Harðarson, hefur verið formaður FIT, allt frá stofnun. Hann er einnig varaformaður Samiðnar, fyrir hönd FIT, en Samiðn á aðild að Alþýðusambandi Íslands.




Svipmyndir frá útskriftum liðinna ára

eiga rétt á samkvæmt kjarasamningum og lögum. Vinnustaðaskilríkjum var komið á að frumkvæði Samiðnar- sambands iðnfélaga sem sem FIT er aðili að. Þetta baráttumál fékk brautargengi aðila vinnu- markaðarins í kjarasamningsgerðinni árið 2008. Eftir að lög voru sett um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum vorið 2010 var unnið áfram að málinu í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og opinber staðall var gefinn út um skírteinin á síðasta ári.

Staðallinn gerir ráð fyrir að starfsmaður beri á sér vinnustaðaskírteini af staðlaðri gerð og sýni það ef eftirlitsfulltrúi óskar þess. Stefnt er að því í samstarfi við opinbera aðila að byggja upp kerfi þar sem viður- kenndir eftirlitsaðilar hefðu aðgang að gagnabank- anum sem þessar skráningar mynda. Ennþá vantar þó talsvert á að stjórnvöld hafi stigið nauðsynleg skref til að eftirlitsaðilar hafi yfir nauðsynlegum úrræðum að ráða til að geta beitt viðurlögum gagnvart þeim aðilum sem gerst hafa brotlegir.

VAXANDI STARFSEMI: TVÖFÖLDUN FÉLAGSMANNA



Vertu á verði!



Nú er nóg komið af verðhækkunum

Aðildarfélög ASÍ hvetja landsmenn til að snúast af alefli gegn verðhækkunum. Tökum höndum saman og látum vita af óeðlilegum verðhækkunum með því að senda inn myndir eða tilkynningar á [vertuáverði.is](http://vertuaverdi.is).

Stöndum saman og rjúfum vítahring verðbólgunnar!





Endurmenntun bílgreina

Jesper Veng Falkenberg sviðsstjóri í bifreiðasmíði hjá Silkeborg Tekniske Skole kom til Íslands og hélt námskeið þar sem dagskráin var álviðgerðir, viðgerðir á skemmdum og dældum í áli o.fl því tengt.

Viðgerðir á hástyrktarstáli, HSS og UHS, viðgerðir og suða.

Notkun tækniupplýsinga ökutækjaframleiðenda (OEM) viðgerðir og aðferðir samkvæmt leiðbeiningum - hvers vegna þetta er mikilvægt!

Gæði viðgerða á öllum stigum - tilbúinn til málningarvinnu.einnig var farið yfir viðgerðir á yfirbyggingum úr áli og stáli, ýmsar málsuður og suðuaðferðir við umskipti ásoðinna varahluta, límningar og hnoðun á ýmsum efnum ökutækja í dag.

Fyrir bílamálara kom Jens Søndergaard Hansen sviðsstjóri í bílamálun hjá Silkeborg Tekniske Skole

og hans dagskrá var OEM: Skýringar á stöðlum / prufur / almennt um OEM

Kíttun: Kynning og verkleg kennsla

Multi-layer / margra-laga: Kynning og verkleg kennsla, unnin á spjöldum.

Hann fór líka yfir gildi OEM reglna varðandi bílamálun, leiðbeint um hvernig má nálgast þessar upplýsingar í dag, mikilvægi þess að gera rétt við tjónuð ökutæki svo þau haldi framleiðsluábyrgð, notkun margra-laga efna ásamt færni í málun og blettun með þeim einnig viðgerðir með rispufríum / harðgerðum efnum.

Námskeiðin voru ætluð fag og fræðsluaðilum sem vildu auka færni sína og þekkingu innan bílgreina og voru haldin bæði á Akureyri og í Reykjavík. Námskeiðið sóttu 24 í bílamálun og 35 í bifreiðasmíði.



Gamla ljósmyndin

Múrarar að sandsparsla.

Talið frá vinstri: Olgeir Jóhannsson, Einar Örn Guðjónsson, Hörður Benediktsson, og Ágúst Guðjónsson

Hátíð hjá nýsveinum

Sveinsbréf voru afhent föstudaginn 8. mars. Samtals luku 84 nemar í 7 iðngreinum sveinsprófi. Af því tilefni stóð FIT að veglegu hófi á Hótel Reykjavík Natura, ásamt öðrum sveina og meistarafélögum sem voru að afhenda sveinsbréf. Flestir

luku sveinsprófi í húsasmíði eða 40 manns, 14 luku sveinsprófi í bifvélavirkjun, 12 í pípulögnum, 7 í málaraíðni, 5 í bílamálun, 5 í vélvirkjun og 1 stein-smiður. Íðan fræðslusetur annaðist undirbúning og framkvæmd þessarar hátíðar.



Bílamálarar



Málara





*Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri
Iðunnar fræðsluseturs*



Bifvélavirkjar



Pípulagningamenn



Húsasmiðir



Vélvirkjar





Horfðu björtum augum fram á veginn

Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf sem tryggir þér auðvelda og skýra yfirsýn yfir öll þín lífeyrismál.



Vefurinn okkar, lifeyrir.is, er aðgengilegur og notendavænn bæði fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á lifeyrir.is

- sérðu stöðu lífeyrisréttinda og séreisgnar
- finnur þú ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins
- geturðu kynnt þér fjárfestingarstefnu og eignir sjóðsins
- geta launagreiðendur skilað iðgjaldaskilagreinum á einfaldan og öruggan hátt og myndað kröfu í netbanka sínum

Kynntu þér málin á lifeyrir.is eða fáðu upplýsingar hjá starfsfólki í síma 510 5000.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn Borgartúni 30 105 Reykjavík www.lifeyrir.is